

Reglur Nemendasjóðs VMA

1.gr.

Sjóðurinn heitir Nemendasjóður Verkmenntaskólans á Akureyri, með aðsetur að Hringteigi 2.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er eingöngu að aðstoða efnaminni nemendur Verkmenntaskólans á Akureyri með að veita fjárhagslegan stuðning til að greiða húsaleigu, kaup á fæði í móttuneyti VMA, kaup á skólabókum eða öðru sem nemandinn þarf til náms en hefur hvorki bolmagn né bakland til.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er 883.025 kr. sem safnast hafa frá stofnun reikningsins þegar fyrrverandi nemendur gáfu fjárhæð til að styrkja efnaminni nemendur. Eftir það hefur verið lagt inn á sjóðinn t.d. gjafir frá kennurum skólans. Gjafafé sem sjóðnum kann að áskotnast skal leggja við höfuðstól. Einnig verður tekið við framlögum frá starfsfólki skólans, nemendum og velunnurum. Höfuðstól skal ávaxta í Íslandsbanka þar sem sjóðurinn er.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð af skólameistara og skulu þar auk hans sitja, aðstoðarskólameistari, rekstrar- og fjármálastjóri, náms- og starfsráðgjafi, formaður Þórdunu og fulltrúi starfsmanna skólans.

5.gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Rekstar- og fjármálastjóri hefur með höndum reikningshald og leggur fram reikninga á aðalfundi sjóðsins einu sinni á ári.

6. gr.

Sjóðurinn tekur þegar til starfa.